

Aðalfundur Kennarafélags FSu haldinn 3. október 2012

Mættir um 35 í stofu 201 í Odda. Gylfi Þorkelsson formaður setti fund kl. 11:40, stakk upp á Ægi Pétri sem fundarstjóra og Gísla Skúlasyni sem fundarritara. Samþykkt.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar - Gylfi Þorkelsson formaður.

Átta fundir á starfsárinu. Meðal mála sem félagið beitti sér í var hlutverk umsjónarkennara og umfang starfa þeirra. Fundur var haldinn með erindreka í október þar sem þessi mál voru rædd, svo og ýmiss konar óhagræði sem hlýst af sparnaðaraðgerðum í skólanum. Heimsókn í ML var söltuð á síðasta skólaári, og bíður þessa árs. Launasig okkar gagnvart samanburðarhópum hefur einnig verið rætt, svo og skilgreiningar á starfi kennara.

Þá kallaði formaður vor eftir skýringum á Vísindasjóðsmálinu og sat undir ámæli fyrir vikið. Varð af mikill hiti, en fæstir sem tjáðu sig vissu þó haus né sporð á málinu.

Nýr frestur var samþykktur nýveriði kjarasamningsmálum, til 19. október, og lítið hefur þokast það sem liðið er af honum.

2. Reikningar félagsins - Þórey Hilmarsdóttir

Tap varð á rekstrinum upp á tæpar 3 þúsund krónur. Inni á reikningi var í lok rekstrarárs nokkur summa sem var ógreidd, en eftir standa um 50 þúsundir sem höfuðstóll. Samþykkir samhljóða.

3. Lagabreytingar - Gylfi Þorkelsson

Gylfi kynnti tillögur stjórnar að lagabreytingum - einkum að kjósa tvo trúnaðarmenn beinni kosningu (engan varatrúnaðarmann eins og nú er), þar sem ekki er getið um neina varatrúnaðarmenn í lögum KÍ og því ekki lagagrundvöllur fyrir slíku embætti. Samþykkt samhljóða.

4. Kosningar til embætta - Gylfi Þorkelsson

Sitjandi stjórnarmenn bjóða sig fram til áframhaldandi starfa. Kjartan Ólason býður sig fram sem varamaður í stað Kristínar Runólfsdóttur sem baðst undan endurkjöri. Skoðunarmenn reikninga Ólafur Bjarnason og Ægir Sigurðsson. Trúnaðarmenn Vera Ósk Valgarðsdóttir og Guðmundur Björgvin Gylfason (í stað Harðar Ásgeirssonar). Samþykkt samhljóða. Fulltrúar í samstarfsnefnd Helgi Hermannsson, Þórey Hilmarsdóttir, Guðmundur Björgvin, Kristjana Hrund Bárðardóttir og Ægir Sigurðsson (í stað Veru,

Sigurðar Grímssonar og Harðar Ásgeirssonar). Fulltrúar á fulltrúafund FF - samþykkt að formaður sækji þann fund fyrir hönd félagsins. Fagráð FSu - Björgvin vill draga sig í hlé, Álfhildur býður sig fram í hans stað. Allt samþykkt samhljóða.

5. Starfsáætlun næsta árs...

...vinna áfram að hagsmunamálunum, komast af bæ og...? Fagráðið hefur rætt um að endurtaka Fagmennsku og fjör, líklega þá á vorönn komandi. Einnig spurning um að endurtaka heimsóknir í skólastofur til kollega sinna. Samþykkt.

6. Önnur mál

i) Nýr stofnanasamningur - Hörður Ásgeirsson.

Nýr samningur gildir frá 1. ágúst 2012 til 31. mars 2014. Mikið hefur verið skorið í ýmsum störfum innan skólans eftir hrun, en nýr samningur skilar þessu að miklu leyti til baka (sjá h-drif/starfsfolk/samstarfsnefnd). Hörður benti sérstaklega á röðun í launaflokka, yfirlit yfir verkefnastjórnun, svo og viljayfirlýsingu um að ljúka sanngjörnu matskerfi til launa vegna endurmenntunar á skólaárinu 2012-2013, og einnig mat á „öðrum störfum“ í skólanum.

ii) Staða kjaraviðræðna - Gylfi Þorkelsson

Einhver vinna í gangi, jafnvel talað um að pressa sé á ríkisvaldið í þeim efnum.

iii) Vísindasjóður FF - Þórey Hilmarsdóttir

Mikil vinna unnin á liðnu ári, við flutning sjóðsins og ýmislegt í sambandi við hann og deilur við stjórn félagsins. Engar umsóknir í bið nú nema þær þar sem gögn skortir. Enn neitar stjórn félagsins sjóðnum um aðgang að gögnum svo enn er ákveðin gloppa í reikningum og beðið úrskurðar dómara.

iv) Tillögur að ályktunum - Gylfi Þorkelsson

1. Ályktun um niðurskurð og starfsaðstæður kennara - Samþykkt samhljóða.

„Aðalfundur Kennarafélags Fjölbrotaskóla Suðurlands, haldinn 3. október 2012, lýsir yfir miklum áhyggjum vegna viðvarandi aukins álags á félagsmenn í starfi. Undanfarin ár hafa kennarar í F.Su. sýnt einhug og samstöðu með stjórnendum stofnunarinnar í sparnaðaraðgerðum vegna niðurskurðar á fjárframlögum frá ríkisvaldinu. Mikil fjölgun nemenda í námshópum og sífellt fleiri og flóknari verkefni, utan hefðbundinnar kennslu, auka streitu og koma niður á gæðum kennslunnar. Það er mat fundarins að nú sé komið að þolmörkum. Hópar með 30 eða fleiri nemendum, önn eftir önn, og dæmi um námshópa í undirbúningsnámi sem telja 27 nemendur, eru langt utan skynsamlegra marka. Fundurinn telur að við núverandi aðstæður sé brotið á faglegum starfsheiðri kennara sem og lögbundnum rétti nemenda til einstaklingsmiðaðrar þjónustu. Fundurinn skorar á ríkisvaldið

að tryggja fjárhagslegan grundvöll faglegs skólastarfs og stjórnendur skólans að koma starfsaðstæðum í viðunandi horf við upphaf vorannar 2013“.

2. Ályktun um viðbótarstörf sem rúmist ekki innan dagvinnutíma - Samþykkt samhljóða.

„Aðalfundur Kennarafélags Fjölbrautaskóla Suðurlands, haldinn 3. október 2012, áréttar að viðbótarstörf sem krefjast verulegs undirbúnings, og umsjónarkennurum hafa verið falin undanfarin ár, rúmist ekki innan kjarasamningsbundins dagvinnutíma og því beri að semja um og greiða fyrir þau sérstaklega. Fundurinn telur einnig augljósa þörf á aukinni sérfræðipjónustu innan skólans, til að sinna hluta þeirra starfa sem nú eru í höndum almennra kennara og náms- og starfsráðgjafa“.

3. Ályktun um að greiða þurfi sérstaklega og semja um vinnu vegna nýrra framhaldsskólalaga - Samþykkt samhljóða

„Aðalfundur Kennarafélags Fjölbrautaskóla Suðurlands, haldinn 3. október 2012, ítrekar að vinna við endurmótun og samningu námskrár og námsbrauta og hvers kyns stefnumótunarvinna vegna framhaldsskólalaga er ekki innan dagvinnuskyldu félagsmanna innan FF. Samkvæmt gildandi kjarasamningi ber að semja um og greiða kennurum sérstaklega fyrir þessa vinnu“.

Fundi slitið kl. 12:55

Gísli Skúlason fundarritari.